

## SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps nr. 798/2013.

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. samþykktarinnar:

- a) 2. tölul. A-liðar greinarinnar fellur brott og númeraröð annarra töluliða breytist í samræmi við framangreint.
- b) 5. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Húsnæðisnefnd*. Sveitarstjórn fer með verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Sveitarstjórn er heimilt að fela fastanefndum hlutverk nefndarinnar.
- c) 10. tölul. greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:  
*Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings*. Sveitarstjórn Flóahrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi. Fulltrúi Flóahrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skóla- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings og nefndin skóla- og velferðarnefnd Árneshings.  
Fulltrúar í skóla- og velferðarnefnd Árneshings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.  
Skóla- og velferðarnefnd Árneshings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa. Nefndin fer með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi sem henni er sett.
- d) 11. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

*Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.*

- e) Við greinina bætist nýr tölul. sem verður 15. tölul. svohljóðandi: *Jafnréttisnefnd*. Sveitarstjórn fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

**B-deild - Útgáfud.: 11. febrúar 2014**